

Samkeppniseftirlitið
16 402

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Samkeppniseftirlitið

kt. 410705-0600

Borgartún 26, 125 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Samkeppniseftirlitið er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli samkeppnislaga nr. 44/2005.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 16 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Stofnunin var á árinu flutt á nýjan fjárlagið 16-402 en var árið áður á fjárlagið 04-246.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 574,4 milljónir og afkoma kr. 17,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 17,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 94,9 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Samkeppniseftirlitsins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og stjórn staðfesta hér með ársreikning Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Páll G. Pálsson
Forstöðumaður

Stjórn:
Sveinn Agnarsson
Stjórnarformaður

Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Stjórnarmaður

Hafsteinn Þór Hauksson
Stjórnarmaður

(Undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	553.200.000	501.400.000
Aðrar tekjur	3	9.300.000	11.800.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	9.378.549	42.177.382
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	2.486.436	2.460.934
Tekjur samtals		<u>574.364.985</u>	<u>557.838.316</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	450.421.648	468.097.236
Annar rekstrarkostnaður	6	103.752.319	101.575.365
Afskriftir	7	2.486.436	2.460.934
Gjöld samtals		<u>556.660.403</u>	<u>572.133.535</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		17.704.582	(14.295.219)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(33.317)</u>	<u>(23.520)</u>
		(33.317)	(23.520)
Afkoma ársins		<u><u>17.671.265</u></u>	<u><u>(14.318.739)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		10.198.037	6.765.745
Fastafjármunir samtals		<u>10.198.037</u>	<u>6.765.745</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		128.549	0
Tengdir aðilar	9	80.578.504	69.390.599
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		3.966.335	0
Veltufjármunir samtals		<u>84.673.388</u>	<u>69.390.599</u>
Eignir samtals		<u><u>94.871.425</u></u>	<u><u>76.156.344</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		16.973.897	(697.368)
Eigið fé samtals		<u>16.973.897</u>	<u>(697.368)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	6.380.758	2.547.949
Viðskiptaskuldir		8.066.522	11.176.326
Ýmsar skammtímaskuldir	11	55.068.902	55.461.655
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	8.381.346	7.667.782
Skuldir samtals		<u>77.897.528</u>	<u>76.853.712</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>94.871.425</u></u>	<u><u>76.156.344</u></u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		17.671.265	(14.318.739)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	2.486.436	2.460.934
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.486.436)	(2.460.934)
		<u>17.671.265</u>	<u>(14.318.739)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(4.094.884)	0
Tengdir aðilar		(10.073.824)	8.150.339
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(3.502.557)	6.168.400
		<u>(17.671.265)</u>	<u>14.318.739</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(5.918.728)	(2.016.693)
		<u>(5.918.728)</u>	<u>(2.016.693)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		2.718.728	0
Fjárfestingarframlag		3.200.000	2.016.693
		<u>5.918.728</u>	<u>2.016.693</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	553.200.000	501.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.486.436	2.460.934
	<u>555.686.436</u>	<u>503.860.934</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	549.500.000	0	0	549.500.000
Launabætur	3.700.000	0	0	3.700.000
Fjárveiting til tekna	553.200.000	0	0	553.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(535.528.735)	0	0	(535.528.735)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	17.671.265	0	0	17.671.265

2022 2021

3 Aðrar tekjur

Sala á vöru og þjónustu	9.300.000	11.800.000
	<u>9.300.000</u>	<u>11.800.000</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	500.000	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	8.750.000	42.177.382
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	128.549	0
	<u>9.378.549</u>	<u>42.177.382</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	366.706.864	378.185.329
Orlof, breyting	(392.753)	5.052.401
Launatengd gjöld	81.847.487	82.966.906
Starfsmannakostnaður	2.260.050	1.892.600
	<u>450.421.648</u>	<u>468.097.236</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	25,6	26,9
------------------------------	------	------

6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.276.244	1.887.601
Byggingarvörur, almennar	225	0
Byggingarvörur, aðrar	23.312	0
Ýmis tæki og áhöld	1.530.639	1.140.521
Orkugjafir	910.910	731.261
Matvæli	4.665.248	4.272.023
Almennar rekstrarvörur	603.077	286.230
Vörukaup, almenn	<u>10.009.655</u>	<u>8.317.636</u>
Ýmsar sérgreindar vörur	1.596	28.980
Vörukaup, sérgreind	<u>1.596</u>	<u>28.980</u>

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður, frh.		
Fundur, námskeið, risna	5.158.303	90.681
Ferðir, uppihald	3.913.715	722.360
Akstur	682.366	77.038
Sérfræðiþjónusta	22.831.141	32.469.173
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	31.941	28.592
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.991.810	3.983.987
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.381.248	1.258.200
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>36.990.524</u>	<u>38.630.031</u>
Afnotagjöld	12.018.643	13.390.243
Leigugjöld	34.859.725	32.124.036
Notkun véla og flutningatækja	19.850	0
Verkkaup	6.654.014	5.867.578
Kostnaðarhlutdeild	3.198.312	3.185.064
Opinber gjöld	0	31.797
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>56.750.544</u>	<u>54.598.718</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>103.752.319</u>	<u>101.575.365</u>
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.440.778	2.460.934
Sölutap og úrehtar eignir	45.658	0
	<u>2.486.436</u>	<u>2.460.934</u>
	31.12.2022	31.12.2021
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	10.198.037	6.765.745
	<u>10.198.037</u>	<u>6.765.745</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:		
		Áhöld, tæki og búnaður
Staða 01.01.2022		27.916.336
Víðbætur á árinu		5.918.728
Selt/úrelt á árinu		<u>(684.420)</u>
		33.150.644
Afskriftir 01.01.2022		21.150.591
Afskrift ársins		2.440.778
Selt/úrelt á árinu		<u>(638.762)</u>
		22.952.607
Staða 31.12.2022		<u>10.198.037</u>

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	71.828.504	50.651.762
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	8.750.000	18.738.837
	<u>80.578.504</u>	<u>69.390.599</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	6.380.758	2.547.949
	<u>6.380.758</u>	<u>2.547.949</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(697.368)	13.621.371
Afkoma ársins	17.671.265	(14.318.739)
Jöfnuður 31.12.	<u>16.973.897</u>	<u>(697.368)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	55.068.902	55.461.655
	<u>55.068.902</u>	<u>55.461.655</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	10.198.037	6.765.745
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(1.816.691)	902.037
	<u>8.381.346</u>	<u>7.667.782</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	6.765.745	902.037	7.667.782
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	3.200.000	3.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	5.918.728	(5.918.728)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.486.436)	0	(2.486.436)
	<u>10.198.037</u>	<u>(1.816.691)</u>	<u>8.381.346</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 2,8 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2027 og ýmsa þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 37,1 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 24,9 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.